



605. fundur stjórnar SASS

fjarfundur

12. janúar 2024, kl. 12:30 – 15:00

Þátttakendur: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Grétar Ingi Erlendsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Arnar Freyr Ólafsson, Brynhildur Jónsdóttir, Einar Freyr Elínarson og Njáll Ragnarsson. Einnig taka þátt Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri þróunarsviðs SASS og Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri, sem jafnframt ritar fundargerð. Fundarmenn tengjast fundinum með fjarfundarhugbúnaði.

Formaður býður fundarmenn velkomna og óskar aðilum gleðilegs árs og þakkar fyrir gott og ánægjulegt samstarf á nýliðnu ári. Tilhlökkun að takast á við verkefni á árinu.

1. Fundargerðir

Fundargerð 604. fundar staðfest og hún verður undirrituð síðar.

2. Ársþing SASS 2024

Formaður kynnir undirbúning fyrir auka- og aðalfund SASS 2024 en aukaaðalfundur samtakanna er ráðgert að halda í Vestmannaeyjum 7. júní nk. og ársþing og aðalfund SASS 31. október til 1. nóvember nk. í Hveragerði.

Á aukaaðalfundinum verður kosið í stjórn og gert er ráð fyrir að leggja fram tillögur að breyttum samþykktum fyrir fundinn. Fyrir fundinn þarf því að yfirfara núgildandi samþykktir en við þá vinnu verður, m.a. horft til umræðu á nýliðnu ársþingi. Stjórn samþykkir að fela formanni og Árna Eiríkssyni, stjórnarmanni sem fór fyrir Allsherjarnefnd á ársþingi samtakanna 2023, í samvinnu við starfsmenn að hefja þessa vinnu og leggja tillögur sínar fyrir stjórnarfund.

3. Sóknaráætlun Suðurlands

a) Skipan í fagráð

Stjórn ræðir skipan fagráða sem meta umsóknir í Uppbyggingarsjóð Suðurlands. Stjórn samþykkir að skipan fagráðs atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkja verður óbreytt 2024 en í ráðinu sitja:

- Helga Björk Ólafsdóttir, framkvæmdarstjóri leikskólans Sóla
- Bergsteinn Einarsson, eigandi og framkvæmdarstjóri Set ehf.
- Laufey Helgadóttir, ferðapjónustubóndi að Smyrlabjörgum

Varamaður: Guðmundur H. Gunnarsson, aðstoðarmaður forstjóra, Skinney-Pinganes hf.

Breyting verður á skipan varamanns í fagráði menningarstyrkja og er afgreiðslu frestað til næsta fundar stjórnar.



b) Fjárhagsáætlun 2024

Framkvæmdastjóri fer yfir drög að fjárhagsáætlun Sóknaráætlunar Suðurlands 2024.

Framlag ríkisins verði óbreytt frá fyrra ári eða ríflega 115 m.kr., framlag sveitarfélaganna verður tæplega 14,4 m.kr. og endurúthlutun og eftirstöðvar frá fyrra ári nemi um 21 m.kr. Samtals er því áætluð fjárhæð til ráðstöfunar um 152 m.kr. Á árinu er gert ráð fyrir að verja 84 m.kr. í Uppbyggingarsjóð Suðurlands, þ.e. 42 m.kr. í hvora úthlutun. Til áhersluverkefna er gert ráð fyrir að verja samtals 57 m.kr. og 12 m.kr. fara í umsýslu og annan kostnað tengdan Sóknaráætlun Suðurlands.

c) Tillögur að áhersluverkefnum

Sviðsstjóri kynnir uppfærðar tillögur að áhersluverkefnum 2024. Þegar hefur verið samþykktar 15 m.kr. í Orkídeu, 5 m.kr. í Sigurhæðir og 0,4 m.kr. í Upptaktur 2024.

Stjórn samþykkir eftirtalin 14 áhersluverkefni að meðtöldum fyrrgreindum verkefnum, samtals að fjárhæð 56,4 m.kr.

Áhersluverkefni - 2024	Fjárhæð í kr.
Orkídea	15.000.000
Starfastefnumót á Suðurlandi	4.000.000
Jafningjafræðsla	6.500.000
Matarauður Suðurlands - sögur og sýnileiki	2.500.000
Menningarperlur Suðurlands - sögur og sýnileiki	2.000.000
Atvinnubru háskólanema	2.500.000
Skjálftinn – hæfileikakeppni grunnskóla á Suðurlandi	7.000.000
Sigurhæðir	5.000.000
Stefnumörkun fyrir Sóknaráætlun 2025 - 2029	3.000.000
Upptakturinn 2024	400.000
Kynningarátak um hlutverk byggðapróunarfulltrúa	2.000.000
Sjúkraþyrla - greining	3.000.000
Lýðfræðileg þróun - mótframlag - framhaldsverkefni	2.500.000
Kötlusetur mótframlag vegna þekkingartengdrar ferðaþjónustu	1.000.000
Samtals	56.400.000

d) Starfsáætlun atvinnu- og byggðapróunar

Fyrir fundinum liggur til kynningar starfsáætlun atvinnu- og byggðapróunar 2024 sem send hefur verið til Byggðastofnunar. Áætlunin er skýr og greinargóð.

4. **Starfshópur um samhæfða svæðaskipan málaflokka er lúta að þjónustu við börn**

Framkvæmdastjóri kynnir að mennta- og barnamálaráðherra hafi skipað sprettstarfshóp sem er ætlað að skoða möguleika þess að samhæfa svæðaskipan málaflokka sem lúta að þjónustu við börn. Í hópnum sitja fulltrúar frá mennta- og barnamálaráðuneyti, innviðarráðuneytinu, fagaðilar í málaflokknum frá sveitarfélögum og aðrir hagaðilar s.s. frá ÍSÍ, UMFÍ, BVS,



Byggðastofnun, sambandinu og landshlutasamtökunum (LHS). Framkvæmdastjóri eru fulltrúi LHS í vinnuhópnum.

Verkefnið felst í að skoða möguleika þess að koma upp sameiginlegum starfsstöðvum með hliðsjón af svæðaskiptum verkefnum ríkis og sveitarfélaga. Það er í samræmi við nýlega viljayfirlýsingu mennta- og barnamálaráðherra, ÍSÍ og UMFÍ um eflingu íþróttastarfs á landsvísu með áherslu á þátttöku barna með fötlun og barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn.

5. Önnur mál til kynningar og umræðu

a. Fundargerðir m.a. stjórnanna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerð 16. fundar stjórnar SSA, fundargerð 145. fundar stjórnar Austurbrúar, fundargerðir 177. – 178. fundar stjórnar SSV, fundargerð 796. fundar stjórnar SSS, fundargerðir 57. – 58. fundar stjórnar SSNE, fundargerðir 99. – 101. fundar stjórnar SSNV, fundargerðir 569. – 570. fundar stjórnar SSH, fundargerð 940. fundar stjórnar sambandsins og fundargerð 92. fundar stýrihóps stjórnarráðsins.

b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni frá síðasta fundi s.s.: ársuppgjör og undirbúningur að gerð ársreikninga, þátttaka í sprettstarfshópi sem skipaður var af mennta- og barnamálaráðherra og undirbúningur áhersluverkefna.

c. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Formaður kynnir bókun Heilbrigðisnefndar Suðurlands varðandi fyrirhugaðar breytingar tengdar „Ármanns skýrslunni“ svo kölluðu, sbr. [hér](#).

Stjórn SASS tekur undir bókun bæjarráðs Sveitarfélagsins Árborgar 16. nóvember sl. um að mörgum spurningum sé enn ósvarað varðandi fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælaeftirliti.

Stjórn SASS leggur áherslu á að fyrirhugaðar breytingar muni ekki fela í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélög og að í áframhaldandi vinnu sé haft náið samráð við sveitarfélög, heilbrigðiseftirlitsnefndir og aðra hagaðila.

d. Tilnefningar í Minjaráð Suðurlands

Formaður kynnir erindi frá minjaverði Suðurlands um tilnefningar í Minjaráð Suðurlands. Stjórn samþykkir að tilefna til áframhaldandi setu Ásborgu Arnþórsdóttur sem aðalmann og Ara Björn Thorarensen sem varamann.

Stjórn SASS gerir athugasemd við að fulltrúum í ráðinu skuli ekki greitt fyrir fundarsetu og fer fram á breytingu á því enda óumdeilt að sá sem tilnefndur er mun skila vinnuframlagi.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn í fjarfundi föstudaginn 2. febrúar nk. kl. 12:30.

Fundi slitið kl. 15:00



Ásgerður K. Gylfadóttir
Grétar Ingi Erlendsson
Einar Freyr Elínarson
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
Njáll Ragnarsson
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Arnar Freyr Ólafsson
Árni Eiríksson
Brynhildur Jónsdóttir